

Nd.

162. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á orkulögum, nr. 58 frá 29. apríl 1967.

Flm.: Jónas Jónsson, Eysteinn Jónsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Jón Kjartansson.

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, 5. gr., er orðist svo:

Ráðherra skipar Náttúrugæðanefnd Orkustofnunarinnar, orkumálastjóra til ráðuneytis í þeim efnum, er varða náttúruvernd og varðveislu annarra náttúrugæða, svo og til að leita sátta, þegar greinir á milli ólíkra sjónarmiða um nýtingu náttúruverðmæta.

Í nefndinni skulu eiga sæti auk orkumálastjóra fulltrúar eftirtalinna aðila:

Sambands íslenskra rafveitna.

Rannsóknaráðs ríkisins.

Búnaðarfélags Íslands.

Náttúruverndarráðs.

Veiðimálanefndar.

Nefndin kys sér formann.

Náttúrugæðanefnd skal fylgjast með rannsóknum Orkustofnunarinnar og gæta þess, að við forrannsóknir og undirbúning virkjana sé tekið tillit til hvers konar náttúrugæða, sem kunna að vera í hættu, og að náttúruverndarsjónarmið séu metin hverju sinni.

Þegar þrír nefndarmenn eða fleiri æskja þess, er skylt að ráða næga sérhæfða starfskrafta á sviði viðkomandi náttúrufraeðirannsókna til að taka þátt í forrannsóknum og undirbúningi orkumannvirkja.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi önnur ný grein, 6. gr., er orðist svo:

Nú telja landeigendur eða aðrir eigendur náttúrugæða sig hafa orðið fyrir skaða eða eiga á hættu að skaðast af völdum virkjana eða annarra orkumannvirkja, vegna framkvæmda eða rekstrar þeirra, og er þeim þá heimilt að vísa málinu til Náttúrugæðanefndar. Séu þeir nefndarmanna því samþykkir, lætur nefndin rannsaka málið, þeim að kostnaðarlausu, er ber fram kvörtunina. Að lokinni slíkri rannsókn gerir nefndin tillögur um úrbætur og/eða fébætur. Vilji aðilar ekki una því mati, geta þeir leitað réttar síns eftir venjulegum leiðum.

Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti Náttúrugæðanefndar Orkustofnunarinnar skulu sett í reglugerð. Ráðherra ákveður starfskjör nefndarmanna.

3. gr.

5. gr. laganna verði 7. gr. og aðrar greinar verði tölusettar eftir því.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Öllum eru kunnir þeir stórfelldu árekstrar, sem orðið hafa á milli virkjunaraðila og þeirra, sem hafa annarra hagsmuna að gæta eða vilja varðveita margvísleg önnur náttúrugæði.

Hér nægir að minna á hinar miklu deilur, sem uppi eru um svonefnda Gljúfurversvirkjun og áformin um að sökkva Þjórsárverum undir uppistöðulón.

Mál þessi hafa þegar valdið miklu fjárhagslegu tjóni: Fyrir virkjunaraðilana, sem varið hafa miklu fjármagni til tæknilegra rannsókna og undirbúnings að virkjunarmannvirkjum, sem ekki verða reist, a. m. k. ekki í óbreyttu formi. Og ekki síður fyrir þá, sem staðið hafa í harðri baráttu til að vernda rétt sinn og verðmæti.

Því verður tæplega á móti mælt, að orsakir þessara harkalegu árekstra eru þær, að við undirbúning viðkomandi virkjunarframkvæmda hafa um of ráðið einhliða tæknisjónarmið og aðeins verið stefnt að því að beizla sem ódýrasta orku. Sem dæmi um slík vinnubrögð má nefna undirbúning að svonefndri Gljúfurversvirkjun. Þar var í upphafi gert ráð fyrir að flytja vatn úr Skjálfandafljóti um Mývatnssveit yfir í Laxá. Með þessu hefði verið raskað á afdrifaríkan hátt tveimur stórum og dýrmætum vatnahverfum, auk þess sem margs konar öðrum óbætanlegum náttúrugæðum hefði verið stefnt í voða. Þetta hefði snert alla landeigendur á viðkomandi svæði.

Þegar fyrstu fregnir fóru af þessum ráðagerðum og mótmæli tóku að berast til Orkustofnunarinnar, skipaði orkumálastjóri nefnd til að kanna hugsanlegt tjón, sem gæti leitt af fyrirhugaðri virkjun fyrir Laxá og umhverfi hennar. En svo óheppilega tókst til við þessa nefndarskipun, að í hana völdust einungis tæknilegir ráðunautar Orkustofnunarinnar. Þarna var því ekki þeirra sjónarmiða gætt, er vörðuðu líffræðileg eða önnur náttúrufræðileg verðmæti.

Slíkir árekstrar milli virkjunaraðila og eigenda eða forsvarsmanna náttúrugæða eru ekki einsdæmi hér á landi. Þekkt eru mörg svipuð dæmi erlendis, svo sem frá Svíþjóð og Noregi. Þar munu þó nú vera viðhöfð önnur og heppilegri vinnubrögð en hér.

Svíar hafa reynt að haga virkjunarframkvæmdum þannig, að sem minnstu yrði spillt. Þeir hafa varið mjög miklu fé til rannsókna á því, hvernig helzt væri hægt að komast hjá stórtjóni eða bæta úr því. Af þeim vinnubrögðum mætti sjálfsagt margt læra.

Norðmenn eru enn skemmra á veg komnir með að virkja ár sínar en Svíar, en þar hafa þó orðið ýmsir árekstrar út af virkjunaráformum. Fyrir 10 árum var þar

skipuð sérstök nefnd með fulltrúum virkjunaraðila annars vegar og náttúruverndarfélaganna, veiðifélaganna, ferðamálafélaga og útilífsáhugamanna hins vegar. Nefndinni var falið það hlutverk: „Að gera heildaryfirlit yfir og tillögur um þau vatnsföll og þá staði, sem þjóðin vildi vernda gegn skemmdum og spillingu af völdum virkjana og aðgerða við þær.“ Og í öðru lagi: „Að gera tillögur um, hvaða aðgerðir væru hugsanlegar til að bæta úr skaða af völdum virkjana, sem þegar eru gerðar, og um friðunaraðgerðir í sambandi við þær.“

Í íslenskum orkulögum er engin ákvæði að finna um það, að við rannsóknir og undirbúning virkjana skuli taka tillit til annarra sjónarmiða en orkuframleiðslunnar. Þess má enn geta, að í „Áætlun um forrannsóknir á vatnsorku Íslands árin 1970—1974“, sem Orkustofnunin sendi frá sér sem greinargerð með fjárveitingarbeiðni og gefur sundurliðað yfirlit yfir það, hvernig stofnunin hyggst haga rannsóknnum sínum, er hvergi að sjá, að hún hyggist verja neinu til þess að rannsaka þau ótalmörgu náttúrufræðilegu vandamál, sem þærna hljóta að skapast. Hér er því tvímælalaust verið að bjóða hættunni heim.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Með skipun Náttúrugæðanefndar er fulltrúum þeirra aðila, er mestra hagsmuna hafa að gæta eða bezt skilyrði hafa til að dæma um þessi mál, gefinn kostur á að fylgjast með rannsóknum á orkunýtingu á öllum stigum. Þannig er vonast til, að tekið verði tillit til allra sjónarmiða, er máli skipta. Nefndarmenn eiga þá ætíð kost á að láta í ljós álit sitt á því, hvaða rannsókn sé þörf í hverju tilfalli, og hafa rétt til að krefjast þess, að þær séu framkvæmdar. Sennilegt má telja, að Orkustofnunin verði stöðugt að hafa í þjónustu sinni líffræðing, sem fylgist með og annist þá hlið undirbúningsrannsókna. Auk þess verður að leita til starfskrafta utan stofnunarinnar til að leysa einstök verkefni.

Um 2. gr.

Reynslan sýnir, að alltaf verður meira eða minna tjón á öðrum náttúrugæðum við framkvæmdir og rekstur virkjunarmannvirkja. Það getur orðið af margvislegum orsökum, sem oft verða ekki séðar fyrir nema að mjög takmörkuðu leyti. Það mun ekki ofmælt, að þeim, sem fyrir slíku tjóni verða, reynist oft torvelt og fyrirhafnar-samt að leita réttar síns. Þá er það tíðum erfiðleikum bundið að sanna, hvað raunverulega stafi af virkjunaraðgerðum og hvað af öðrum orsökum, og sjálfsagt er þá virkjununum oft kennt um það, sem þær eru ekki valdar að. Með ákvæðum þessarar greinar yrði Náttúrugæðanefnd jafnframt föst matsnefnd, sem falið yrði að meta slík spjöll og aðstöðumissi, og jafnframt gæti hún gert tillögur til úrbóta. Hún mundi fljótlega öðlast dýrmæta reynslu í þessum efnum, og er þá líklegt, að í mörgum tilfellum mundu matsaðilar sætta sig við mat hennar, og yrði þá komizt hjá langvinnum og dýrum málarekstri.

Eðlilegt er, að nánari ákvæði um starf Náttúrugæðanefndar verði sett með reglugerð.